

**Nr. 075 / 09 Melavík ÁR 32****Reykur úr vélarrúmi**

Skipaskr.nr. 1836  
Smíðaður: Hafnarfirði 1986 plast  
Stærð: 4,6 brl. 4,8 bt.  
Mesta lengd: 8,38 m Skráð lengd: 7,59 m  
Breidd: 2,68 m Dýpt: 1,17 m  
Vél: Perkins 86 kW 1996  
Fjöldi skipverja: 1



Melavík ©Hafbór Hreiðarsson

**Gögn:**  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 2. nóvember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 6. júlí 2009 var Melavík ÁR 32 á siglingu sjö sjómíflur NV af Garðskaga. Veður: NV 4 m/sek

Skipstjóri varð var við reykjalykt í stýrishúsinu og opnaði lúgu niður í vélarrúmið en við það gaus þykkur reykur upp úr því og fyllti stýrishúsið á augabragði. Hann sló þegar af vélinni og stöðvaði en hörfaði út með handtól talstöðvarinnar. Hann kallaði á strandstöð og bað um hjálp vegna elds í vélarrýminu. Fljótlega minnkaði reykurinn og þegar hann hafði reykræst fundust engin ummerki eftir eld en mikinn hita lagði frá gírhúsinu. Þegar vélin var ræst að nýju kúplaði gírinn ekki að skrúfu.

Björgunarskipið Hannes Þ. Hafstein dró Melavík ÁR til Sandgerðis

**Við rannsókn kom fram:**

- að við bilanaleit kom í ljós að gírinn hafði hitnað mjög mikið og við það hafði tengi á milli gírs og vélar bráðnað með tilheyrandi reykmyndun og allt gúmmí eða plast í pakkdósum glerharðnað. Aðrar skemmdir urðu ekki;
- að gírinn er af gerðinni Borg-Werner og hannaður fyrir ákveðna snúningsátt en þar sem öfugt skorin skrúfa, fyrir þessa snúningsátt, var á skrúfuöxulinum hafði gírinn verið keyrður í ranga snúningsátt (bakkað) sem orsakaði mikla hitamyndun.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.